

Tillaga til 495. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 2. júní 2022

Tillaga frá 582. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar sem fram fór þann 13. apríl 2022, um að bæjarstjórn samþykki meðfylgjandi aðalskipulagsbreytingu í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga vegna strenglagna í Arnarfirði.

Á 494. fundi bæjarstjórnar, þann 5. maí 2022, var fyrrgreind tillaga lögð fram í bæjarstjórn. Lögð var fram tillaga um frestun afgreiðslu málsins sem var samþykkt með níu atkvæðum. Nú eru ný gögn lögð fram með málinu og tillaga skipulags- og mannvirkjanefndar lögð aftur fram.

5. Landsnet - Ósk um breytingu á Aðalskipulagi vegna strenglagna í Arnarfirði – 2022030014

Lagður fram uppdráttur og greinargerð með tillögu um breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 þar sem breytingin felur í sér lagningu nýs 16 km langs 66 kV jarðstrengs frá Mjólka að Hrafseyrarhúsi og þaðan með sæstræng yfir Arnarfjörð í átt að Bíldudal.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja meðfylgjandi aðalskipulagsbreytingu í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga vegna strenglagna í Arnarfirði.